

Reykjavík, 10. júní 2020

Fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Viðreisnar, fulltrúi íbúsamtaka, fulltrúi foreldrafélaga og fulltrúi slembivalinna í íbúaráði Breiðholts vilja koma með eftirfarandi ábendingar til skipulagsyfirvalda varðandi breytingatillögu deiliskipulagi fyrir borgargarð Elliðárdals.



Ráðið gleðst yfir aðgreiningu hjólastíga og gangandi með von um að ráðist verði í þessa framkvæmd sem allra fyrst enda mikil umferð hjólreiðamanna um dalinn innan um gangandi. Mynd 1.

Ráðið lýsir áhyggjum sínum yfir þverun þriggja stíga við gömlu vatnsveitubrunna. Sbr. myndin hérna til hliðar. Þarna getur skapast slyshætta þegar hestamenn þvera hjólastíginn á tvo vegu. Hestar geta fælst við hjólreiðmenn á öllum aldri, styggst við bjöllu og hraða en á sama hátt geta hjól runnið í mól og sandi sem berst með hófum hesta yfir malbikaðan hjólastíginn.


Ráðið bendir einnig á nauðsyn þess tryggja samfellu í tengingu stíga út úr skipulagssvæðinu, einkum og sér í lagi í suð-austur horni svæðisins, þar sem núverandi gangstígur er rofinn af reiðstíg, en skv. tillögu á nýr hjólastígur einnig að liggja um þau gatnamót. Sjá mynd 2. Æskilegt væri að aðgreina umferð hesta eins og kostur er og ekki rjúfa hjóla- og göngustígana með malarstíg ríðandi umferðar.

Mynd 2.



Í texta er talað um að nú þegar sé hjólastígur frá Sprengisandi að Árbæjarstíflu. Ráðið vill koma því á framfæri að sá stígur ekki hjólastígur, heldur blandast inn á hann bæði umferð gangandi og akandi, þar sem hann er aðkoma að íbúðarhúsum Heimahvammi norðan við Löngugróf eða þróunarreit þ73.

Mynd 3.



Það mætti fjölga áningastöðum við göngustíga með útskotum sem yrðu með bekk til hvíldar fyrir heldri borgara, fólk með skerta hreyfigetu og aðra sem hafa þörf á stað til hvíla sig á. Mætti gera þetta með reglulegum hætti, merkja vel og hafa ruslafötu.

Merkja gönguleiðir í dalnum, með litum eða örnefnaleiðum, setja inn upplýsingaskilti með örnefnum og söguminja sbr. þau sem koma fyrir á bls. 12 í greinargerð. Þannig að hægt er með skipulögðum hætti hægt að þræða dalinn og skoða minjar hans og lesa örnefni eftir því sem við á.

Gaman væri að sjá allsherjar fjölskylduáningastað með hjólastólaaðgengi en ekkert svæði er í dalnum sem tekur á móti þreyttum börnum og fjölskyldum þeirra eftir hjóla/gönguferð um dalinn. Svæði sem á væri ærslabelgur, leiktæki fyrir fjölbreyttan aldur, kastali, klifurgrind, aparóla, niðurgráfin trampólín, æfinga tækjasvæði fyrir hjólandi og gangandi, strand blakvöll, torg með nokkrum sætaröðum í halla sem væri hægt að sitja á. Torgið myndi rúma leiksýningar, litla viðburði, tónleika, markað sem dæmi. Hægt væri að ramma svæðið inn með gróðri sem svipar til dalsins og kannski búa til kirsuberjatrégöng sem myndu dafna með tíð og tíma.

Hægt væri að setja upp grillhús þar sem vegfarendur gætu nærst eftir göngu/hjólaferð um dalinn fyrir heimferð. Sjá mynd 4. og 5. en í Kópavogi er svona grillhús með borðum og aðstöðu fyrir gangandi innan um rósir og falleg

blómabeð. Þar ættu líka heima salerni en ekkert salerni er fyrir hjólandi og gangandi milli Nauthólsvíkur og sundlaugarinnar í Árbæ.

Mynd 4.



Mynd 5.

